

AUGLÝSING

um friðlýsingu Bessastaðaness

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur ákveðið, að tillögu Umhverfisstofnunar og að beiðni forseta Íslands og Garðabæjar, að friðlýsa Bessastaðanes sem friðland í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og náttúruverndaráætlun 2004 – 2008.

Bessastaðanes er hluti af alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði Skerjafjarðar. Fuglalíf er fjölbreytt allt árið og svæðið er mikilvægur viðkomustaður farfugla og sjaldgæfra fuglategunda. Bessastaðatjörn er áningar-, varp- og fellistaður fyrir andfugla, þar er stórt hettumáfavarp og töluvert af grágæs að sumri. Svæðið er viðkomustaður margæsar og rauðbrystings en auk þess er þar æðarfugl, sendlingur og tildirur sem allt eru tegundir sem hafa alþjóðlegt verndargildi. Stórir máfar og hávella eru algengir vetrargestir og hundruð tjalda, stelka og lóupræla á fartíma.

Á svæðinu eru fjölbreyttar fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki sem eru mikilvæg fæðusvæði fugla. Í Lambhúsatjörn er m.a. vistgerðin marhálmsgræður sem einkennist af fínkornóttu seti með beðum af marhálmi sem hefur takmarkaða útbreiðslu og er mikilvæg fæða fyrir ýmsar andfuglategundir s.s. margæsir. Á Bessastaðanesi eru tún og akurlendi en einnig votlendi sem einkennist af vistgerðunum starungsmýravist, gulstaraflóavist og grasengjavist. Língresi- og vingulsvist er á allstórum flákum inni á miðju nesinu og á svokölluðum Rana. Verndargildi vistgerðanna á svæðinu er frá því að vera miðlungs hátt og upp í mjög hátt og eru votlendisvistgerðirnar starungsmýravist, gulstaraflóavist og marhálmsgræður á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Fræðslugildi svæðisins er hátt með tilliti til lífríkis og menningarminja en þar er fjöldi menningarminja.

Á Bessastaðanesi er þjóðhöfðingjasetur.

Við ákvörðun um friðlýsingu var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995) og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978).

Friðlýsta svæðið er 4,45 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita til framtíðar náttúrulegt ástand svæðisins sem búsvæði fugla og mikilvægt viðkomusvæði farfugla. Markmiðið er einnig að vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins, lífríki í fjöru, grunnsævi, hafsbolti og vatnsbol, einkum með tilliti til fugla. Jafnframt er markmiðið að vernda fræðslu- og útivistargildi svæðisins sem felst m.a. í líffræðilegri fjölbreytni, auðugu lífríki, tækifærum til útivistar innan þéttbýlis og nýtingar sem samrýmist verndun búsvæða fugla.

3. gr.

Mörk svæðisins

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á hnitsettu korti í viðauka I, en nánari landupplýsingar, m.a. hnit, má nálgast hjá Umhverfisstofnun. Friðlýsingin nær til lands, fjöru, hafsbolts, lífríkis og vatnsbols.

4. gr.

Þjóðhöfðingjasetur

Friðlýsing þessi hefur ekki áhrif á lög og réttarheimildir sem varða embætti forseta Íslands né reglur um umferð og aðgengi að þjóðhöfðingjasetri. Þá hefur friðlýsingin ekki áhrif á nauðsynlegar öryggisráðstafanir lögreglu.

5. gr.

Umsjón svæðisins

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Samstarfshópur um málefni friðlandsins er Umhverfisstofnun til ráðgjafar og skal skipaður fulltrúum frá Umhverfisstofnun, Garðabæ, embætti forseta Íslands, forsætisráðuneyti, Ríkislögreglustjóra og Minjastofnun Íslands. Umhverfisstofnun fer með formennsku í samstarfshópnum og boðar til funda. Hlutverk samstarfshópsins er að fjalla m.a. um framkvæmdaáætlun og landvörslu fyrir friðlandið, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum á henni og önnur stefnumótandi mál er varða friðlandið. Samstarfshópurinn skal funda eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

6. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýsta svæðið í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, mannvirkjagerð, landvörslu, vöktun, rannsóknir, verndun, uppbyggingu innviða, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi og umferð gesta, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks, framaní lífverur, far- og varptíma, nýtingu hlunninda, skógrækt, notkun skotvopna og veiðar.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við samstarfshóp um málefni friðlandsins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknarstofnun og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga um nr. 60/2013 náttúruvernd.

7. gr.

Umferð um friðlandið

Almenningi er heimil för um friðlandið en skylt er að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda innan þess. Ávallt skal fara eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum og vegum eftir því sem auðið er.

Óheimilt er að aka vélknúnum farartækjum utan vega sbr. þó undanþágur 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umferð reiðhjóla og ríðandi manna er aðeins heimil á þar til gerðum stígum og vegum samkvæmt skipulagi svæðisins.

Umferð vatnaleiktækja s.s. sjókatta er óheimil innan svæðisins á far- og varptíma, sem skilgreindur skal í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið. Nánar skal fjallað um umferð vatnaleiktækja, þ. á m. vatnaíþróttatækja s.s. sjódrekaflug og seglbretti, í stjórnunar- og verndaráætlun.

Umferð skipa og báta er heimil. Skip skulu fylgja hefðbundnum siglingaleiðum. Nánar skal fjallað um hraða og umferð báta og skipa um friðlandið í stjórnunar- og verndaráætlun.

Hundar skulu hafðir í taumi innan friðlandsins. Þess skal gætt að gæludýr valdi ekki truflun á lífríki svæðisins, skemmdum á náttúru eða valdi öðrum gestum ónæði. Skylt er að fjarlægja úrgang frá gæludýrum á svæðinu.

Flug ómannaðra loftfara er óheimilt innan friðlandsins. Þó er heimilt að nota ómönnuð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða, löggæslu og vegna lögbundinna verkefna Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands. Að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan friðlandsins og skal allur úrgangur tekinn með út af svæðinu. Losun jarðefna og úrgangs er óheimil í friðlandinu.

Óheimilt er að slá upp og gista í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum og öðrum sambærilegum búnaði í friðlandinu. Bann þetta tekur ekki til íbúa svæðisins.

Nánar skal fjallað um umferð um verndarsvæðið í stjórnunar- og verndaráætlun.

8. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun, í samráði við samstarfshóp um málefni friðlandsins, hefur umsjón með gerð fræðsluefnis um friðlandið. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda.

Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

9. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs

Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, og trufla fuglalíf af ásetningi innan friðlandsins hvort heldur er á landi, í fjöru, í vatnsbol eða á hafsbotni.

Allt rask á jarðminjum og sjávarbotni, þ.m.t. efnistaka í fjöru og sjávarbotni, er óheimilt í friðlandinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 10. gr.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi plöntutegundir, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Undanþegið þessu er að við byggingar Bessastaða er heimilt að rækta blóm og matjurtir. Eigendur og umsjónarmenn skulu gæta þess að matjurtir og blóm berist ekki út fyrir lóðir. Unnið skal að því að fjarlægja framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á friðlandið eða berast inn á það, þ.m.t. trjátegundir sem berast út fyrir skógræktarreitinn.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi tegundir sjávardýra innan friðlandsins.

Nánar skal kveðið á um verndun gróðurs og dýralífs í stjórnunar- og verndaráætlun.

10. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu, sem áhrif kunna að hafa á verndargildi friðlandsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, embættis forseta Íslands og Garðabæjar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki, að höfðu samráði við forsætisráðuneyti, og skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og stjórnunar- og verndaráætlun. Framkvæmdir kunna einnig að vera háðar leyfi Minjastofnunar Íslands, sbr. 12. gr.

Skógræktarreitir sem þegar hefur verið ræktaður innan friðlandsins fyrir gildistöku friðlýsingar þessarar mun standa áfram en þess skal gætt að ræktunin í skógræktarreitnum fari ekki út fyrir hann.

Nánar skal fjalla um skógrækt í stjórnunar- og verndaráætlun þar sem einnig skal skilgreina skógræktarreitinn.

Kvikmyndatökur, listviðburðir og samkomuhald í friðlandinu er óheimilt nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og embættis forseta Íslands.

Nýting túna og beit er heimil eftir samkomulagi við embætti forseta Íslands og þess gætt að hún ógni ekki verndargildi svæðisins.

Nánar skal kveðið á um landnotkun og mannvirkjagerð í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

Rannsóknir og vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar.

Aðrar rannsóknir en lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og embættis forseta Íslands sbr. 10. gr. Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

12. gr.

Menningarminjar

Um menningarminjar og menningarlandslag fer eftir lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

13. gr.

Veiði, nýting hlunninda og notkun skotvopna

Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og embættis forseta Íslands. Undanskilið banninu er notkun skotvopna til minka- og refaveiða.

Óheimilt er að veiða fugl í friðlandinu, sbr. 10. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Þó er landeiganda heimilt að verja æðavarp í samræmi við ákvæði sömu laga, þó með þeim fyrirvara að það skaði ekki eða trufli varp annarra tegunda.

Veiði og notkun skotvopna skal ávallt vera í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og stjórnvaldsfyrirmæli.

Fiskveiðar eru heimilar í friðlandinu og við þær skal hafa sjálfbærni að leiðarljósi og þess gætt að þær valdi ekki röskun á búsvæði fugla og fuglalífi. Nýting skal vera í samræmi við sett lög og stjórnvaldsfyrirmæli þar um.

Hefðbundin nýting hlunninda er áfram heimil eins og verið hefur.

Nánar skal fjallað um veiði, nýtingu hlunninda og notkun skotvopna í stjórnunar- og verndaráætlun.

14. gr.

Viðurlög

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

15. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

Þar til stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið hefur verið staðfest hefur Umhverfisstofnun heimild til að veita leyfi til framkvæmda gangi þær ekki gegn auglýsingu þessari og hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytinu, 30. júní 2023.



VIÐAUKI I
Kort af friðlandi Bessastaðaness



Bessastaðanes

□ Friðland Bessastaðaness
■ Friðlýst svæði

Flatarmál: 4,45 km ²
Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
Hnattstaða: ISN93
Kortagerð: Ingtbjörg M. Bjarnadóttir
Umhverfisstofnun, dags. 7.1.2022

